

7. janúar 2021

Tilkynning frá Aðföngum vegna innköllunar á tortellini pasta í 1000g pakkningum

Með hliðsjón af öryggi og velferð neytenda hafa Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla **La Pasta di Alessandra Tortellini** með annars vegar kjötfyllingu og hins vegar ostafyllingu í 1000g pakkningum.

Ástæða innköllunarinnar er að mygla hefur fundist í framleiðslulotu af vörunum.

Innköllum stendur yfir en vörurnar hafa fengist í verslunum Bónus.

**Upplýsingar um vörurnar:**

**Vöruheiti:** La Pasta di Alessandra Tortellini con ripieno di carne  
**Strikamerki:** 8001195333005  
**Nettómag:** 1000g  
**Best fyrir dagsetning:** 16-10-2021

**Vöruheiti:** La Pasta di Alessandra Tortellini con ripieno di formaggio  
**Strikamerki:** 8001195333029  
**Nettómag:** 1000g  
**Best fyrir dagsetning:** 16-10-2021

Viðskiptavinum Bónus sem keypt hafa vörurnar er ráðið frá því að neyta þeirra og er bent á að þeir geta skilað þeim í verslunina þar sem þær voru keyptar gegn fullri endurgreiðslu. Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

